Umhverfisstofnun
Áb. BS HJ
23 MARS 2004
54.55
Tilv. UST200403000029

UST
Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Auður Ýr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

18. mars 2004
Tilvísun: UST20040300029/bs

**Sjóvarnir við Framnes-Torfabót og við Grundargötu, Grundarfirði, Eyrarsveit.**
**Tilkynning um matsskyldu**

Vísað er til béfs Skipulagsstofnunar dags. 4. mars sl. þar sem óskað er álita Umvherfisstofnunar á matsskyldu ofangreindra framkvæmda.
**Framnes-Torfubót:** Efsti hluti fjörunnar er plan úr aðfluttu efni. Í fjöruna hefur verið losað grjót og byggingaúrgangur.
**Grundargata:** Hér eru all háir grónir moldarbakkar á aflíðandi klöpp sem brotnar úr í stórstreymi. Við aðliggjandi bakka hefur verið komið fyrir grjóti.
Efni til framkvæmdarinnar um 2800 $m^3$ verður tekið úr opinni námu í Lambakróarholti sem er á iðnaðarsvæði.
Framkvæmdin er innan þess svæðis sem lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar ná yfir. Leitað hefur verið umsagnar Breiðafjarðarnefndar um framkvæmdina og telur nefndin að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér, en bendir á að leita þarf leyfis stofnunarinnar fyrir framkvæmdum innan þess svæðis sem vernd Breiðafjarðar nær til sbr. 6. gr. laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson                                        Helgi Jensson

Hjálagt: Bréf Breiðafjarðarnefndar